

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. Að afmarkað verði sérmerkt bifreiðastæði fyrir vörulösun á Týsgötu vestan við Lokastíg en almennt stöðubann verði í stæðinu með undirmerki um 15 metra gildislengd.
Bifreiðastæðið er merkt samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
2. Að afmarkað verði sérmerkt bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða við Þingholtsstræti 6.
Bifreiðastæðið er merkt samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
3. Að banna bifreiðastöður við norðausturkant Dyngjuveggar frá Kambsvégi að Austurbrún.
Bannið er merkt samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
4. Að hámarkshraði á eftirtöldum götum verði 30 km/klst.:

Haukdælabraut

Döllugötu

Gissurargötu

Götunarn eru allar innan hverfisins Reynisvatnsás.

Boð um hámarkshraða skal merkt samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 28. nóvember 2019.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 18. desember 2019